

Mýrdalshreppur
George Frumuselu
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 13. apríl 2021
UST202104-054/B.S.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - efnisvinnslusvæði - Fagridalur og Vík. Umsögn

Vísað er til bréfs Mýrdalshrepps dags. 7. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulagið nær til tveggja efnisvinnslusvæða annars vegar í landi Fagradals og hins vegar í landi Víkur þar sem ráðgert er að taka sand til vinnslu sem fram mun fara á athafnasvæði í landi Víkur skammt sunnan Hringvegar 1. rétt vestan við Uxafótarlæk.

Fyrirhugað er að taka allt að 47.000 m³ af sandi á báðum efnistökusvæðunum samanlagt og mun efnistakan fara fram í flæðarmálinu. Frákasti verður ekið aftur á efnistökusvæðin. Ráðgert er að vakta strandrof á svæðinu.

Umhverfisstofnun hefur áður gefið umsögn um matsskyldu framkvæmdarinnar. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Axel Benediktsson
Sérfræðingur